

218. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. febrúar 2021
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sigríður Gísladóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Högni Gunnar Pétursson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Endurnýjun dráttarbáts fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar - 2021020041

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, Guðmundar M. Kristjánssonar, ódagsett, varðandi áætlun vegna endurnýjunar dráttarbáts fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

Minnisblað lagt fram.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að vinna málið áfram með Vegagerðinni.

2. Sundabakki - framkvæmdir: Verksamningur - 2016090029

Verksamningur við Tígur ehf. í Súðavík, vegna verksins „Ísafjörður, fyrirstöðugarður við Sundabakka 2020“, lagður fram til kynningar.

Verksamningur lagður fram til kynningar.

3. Sundabakki - framkvæmdir: Matsskýrsla - 2016090029

Lögð fram matsskýrsla Verkís, dags. 26. janúar 2021, um mat á umhverfisáhrifum dýpkunar við Sundabakka á Ísafirði.

Hafnarstjórn samþykkir framkomna skýrslu.

4. Innovative solutions for sustainable tourism in Nordic harbor towns - 2019050056

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar, kynnir stöðu samnorræns verkefnis á vegum Nordic Innovation, um sjálfbæra móttöku skemmtiferðaskipa, en Ísafjarðarbær hefur verið aðili að verkefninu síðan haustið 2019.

Tinna kynnir stöðu verkefnisins, en vegna heimsfaraldurs hefur framkvæmd þess tafist og óvíst hvort hægt verði að klára það eins og til stóð. Einhver sveitarfélög hafa helst úr lestinni vegna þessa en unnið er að lausnum hjá Nordic Innovation til að skala og aðlaga verkefnið að aðstæðum. Ísafjarðarbær heldur þátttöku sinni í verkefninu áfram.

Hafnarstjórn þakkar fyrir kynningu á stöðu verkefnis.

5. Amazing Westfjords - hafnargjöld og Covid-19 - 2020100093

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra, Guðmundar M. Kristjánssonar, varðandi ósk Amazing Westfjords um lækkun á hafnargjöldum vegna verkefnaskorts í heimsfaraldri. Afgreiðslu málsins var frestað á 216. fundi hafnarstjórnar þann 18. nóvember 2020.

Minnisblað lagt fram, þar sem fram kemur að beiðni um afslátt er hafnað og vísað á sértæk úrræði ríkisstjórnarinnar fyrir ferðaþjónustufyrirtæki vegna heimsfaraldurs. Hafnarstjórn hefur ekki heimild til að veita einum útgerðarflokki afslátt af gjaldskrá umfram annan. Ef öllum útgerðarflokkum er veittur afsláttur, til að gæta jafnræðis, lækkar sjóðstreymi til hafnarsjóðs.

Hafnarstjórn samþykkir niðurstöðu minnisblaðs.

6. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2021-2022 - 2021020042

Lögð fram þinggerð 42. þings Hafnasambands Íslands sem fram fór 27. nóvember 2020.

Þinggerð lögð fram til kynningar.

7. Hafnasamband Íslands - ýmis erindi og fundargerðir 2021-2022 - 2021020042

Lagðar fram fundargerðir frá 429. fundi Hafnasambands Íslands, sem fram fór 26. nóvember 2020, 430. fundi, sem fram fór 11. desember 2020, og 431. fundi, sem fram fór 22. janúar 2021.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:53

Marzellíus Sveinbjörnsson

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

Sigríður Gísladóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Högni Gunnar Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Tinna Ólafsdóttir